

9. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins
Haldinn í Þórunnartúni 2, föstudaginn 20. október, kl. 09.30-11.00

Fundinn sátu:

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Sævar Birgisson, Eva Josteinsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Josh Friðriksson, Elísabet Sveinsdóttir (teams) og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Forfallaðist: Rannveig Grétarsdóttir

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð fundar 28. september

Undirrituð.

2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur

Farið var yfir stöðuna og reksturinn til upplýsinga fyrir stjórn. Kynningin var send sem fundargagn fyrir fund. Rætt var til viðbótar um að skoða betur hvernig hægt væri að nálgast hraðar mögulega aðildarfélag. Einnig var rætt um að skoða betur þær viðhorfsrannsóknir sem þegar er verið að gera í sveitarfélögunum og hvort einhver samlegð sé þar á milli vegna mögulegrar viðhorfsrannsóknar íbúa til ferðaþjónustu. Engar aðrar umræður eða athugasemdir.

3. Gestgjafinn Reykjavík / Invest in Reykjavík

Verkefnið Gestgjafinn samþykkt sem prufuverkefni í febrúar undir þemanu um Invest in Reykjavík. Einnig ákveðið að gera minnisblað fyrir SSH með tillögu um að næsta ár verði notað í að rýna verkefnið Invest in Reykjavík með samtali við alla hagaðila/sveitarfélögin ásamt því að stofan þjónusti vefinn í eitt ár skv. ákveðnu þjónustugjaldi.

4. Stefnumörkun – samantekt úr vinnustofum

Farið yfir samantekt frá vinnustofunum með hagaðilum. Verkefnið er skemmra á veg komið en ætlunin var en tímalínur haldast að mestu.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11.00.